


# RAMMASKIPULAG

## LEIÐIR OG BIÐSTÖÐVAR STRÆTISVAGNA

Leitast er við að byggð í Urriðaholti verði sjálfbær og aðgengileg öllum. Mikilvægt er að snemma í uppbyggingunni verði komið á almenningssamgöngum í hverfinu og þannig ýtt undir sjálfbæra ferðamáta frá upphafi. Í þessu skipulagi er sett fram tillaga að staðsetningu biðstöðva strætisvagna í hverfinu. Biðstöðvum er komið fyrir þannig að þær tengist helstu kjörnum hverfisins. Allar biðstöðvar eru innan fimm mínútna (þ.e. um 400 metra) göngufæris. Strætisvagn mun geta stöðvað á öllum biðstöðvum í hverfinu, hvort heldur farin verður hringleið um hverfið eða ekið í gegnum það.



- Möguleg staðsetning biðstöðva fyrir strætisvagna
- Möguleg akstursleið strætisvagna innan hverfis
- ⇨ Mögulegar akstursleiðir strætisvagna að og frá hverfinu